

## **1. Fundargerð Reiðskemmunefndar.**

**22. febrúar 2018, Félagsheimili Dreyra á Æðarodda. kl. 16.15.**

**Mætt:** Hrafn Einarsson (HE) og Ása Hólmarsdóttir (ÁH) frá hestamannafélaginu Dreyra. Einar Brandsson (EB) frá Akraneskaupsstað og Björgvin Helgason (BH) frá Hvalfjarðarsveit.

**Fundarefni:** undirbúningsvinna vegna byggingu reiðskemmu á Æðarodda. ÁH stjórnaði fundi og ritaði fundargerð.

ÁH setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna og fór yfir tilurð nefndarinnar og hvert verkefni hennar væri.

Rætt um kostnaðaráætlun byggingar sbr. erindi sem félagði sendi inn í nóvember s.l og þau tilboð sem liggja á bak við kostnaðaráætlun og sjálfboðavinnu félagsmanna í byggingu á reiðskemmu. Þá var farið yfir fyrirkomulag mögulegs eignarhalds á reiðskemmu á Æðarodda og eingarhald á íþróttahúsum almennt á Akranesi. Einnig rætt um rekstur slíkra mannvirkja s.s hvort utanumhald færi í gegnum fasteignafélag Akraness, fasteignagjöld, endurgreiðslu virðisaukaskatts við byggingu á reiðskemmu og fl.

EH mun fela starfsmanni umhverfissviðs Akraneskaupsstaðar að vinna í kostnaðargreiningu um hagkvæmasta rekstrarfyrirkomulagið og eignarhald. Einnig mun Einar athuga með tímaramma vegna deiliskipulagsbreytingar á Æðarodda vegna staðsetningar reiðskemmu við sunnanvert félagsheimilið og hvort skylt sé að hafa snyrtingar inn í reiðskemmu/íþróttahúsum sem ætluð er til kennslu, æfinga og sýninga.

ÁH athugar með samantekt frá Landssambandi Hestamannafélaga um reiðhallarbyggingar og rekstrarform.

Næsti fundur áætlaður þegar greiningarvinnu er lokið hjá starfsmönnum Akraneskaupsstað.